

Vaxtakröfunni er sérstaklega mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og að dæmdir verði 7% ársvextir.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá þeim tíma, sem krafizt er.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Helgi Gíslason, er sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Hólmfríðar Löve, en málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Varastefndi, Helgi Gíslason vegna ófjárráða sonar síns Birgis, greiði stefnanda kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1961.

Nr. 34/1961. **Ákærvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Magnúsi Guðmundssyni

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot í opinberu starfi, brot gegn friðhelgi einkalífs, rangar sakargiftir og handhöfn skotvopns og skotfæra.

Dómur Hæstaréttar.

A.

Verjandi ákærða í héraði, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, var hinn 23. febrúar 1961 samkvæmt ósk ákærða einnig skipaður verjandi hans fyrir Hæstarétti, sbr. lög nr. 25/1953 um breytingu á lögum nr. 61/1942.

Flutningur málsins hófst hér fyrir dómi hinn 10. apríl s.l. og var fram haldið til 12. s. m., er ákærða var samkvæmt ósk verjanda með úrskurði dómsins veittur kostur

á að koma fyrir sakadóm og greina staðreyndir til stuðnings sakburði sínum á hendur lögreglustjóra Reykjavíkur og lögreglumönnum, sbr. III. lið ákæruskjals. Í þinghaldi í sakadómi sama dag lýsti ákærði því, „að hann neiti að tjá sig“ fyrir héraðsdómaranum, Halldóri Þorbjörnssyni, „en skuli gera það fyrir öðrum dómara“. Hæstiréttur veitti verjanda þá enn frest til að bera fram kröfu um, að héraðsdómari viki sæti. Héraðsdómari veitti ákærða og verjanda síðan itrekuð tækifæri til að koma fyrir dóm í þessu skyni dagana 13. og 14. apríl s.l., en þeir sinntu því ekki og boðuðu ekki forföll. Er hér var komið, taldi Hæstiréttur verjandann, Guðlaug Einarsson héraðsdómslögmann, hafa rækt verjandastarfa sinn þannig, að óviðunandi væri, og leysti hann frá starfanum, sbr. 84. gr. laga nr. 27/1951 og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942. Ákærða var síðan veittur kostur á að velja sér verjanda úr hópi hæstaréttarlögmannna, en er hann hafnaði því, var Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi hans.

B.

Um I. ákæruatriði.

Ákærði hefur í prófum málsins staðfastlega neitað, að hann hafi átt nokkurn hlut að því að semja eða senda hótunarbréf þau, er lögreglustjóra Reykjavíkur bárust í pósti hinn 18. og 22. janúar 1960. Í héraðsdómi eru ýtarlega rakin þau sakargögn, sem til þess þykja benda, að ákærði hafi staðið að sendingu hótunarbréfa þessara. Verður hér á eftir kannað, hvað af gögnum þessum megí ráða um sök eða sýknu ákærða.

1. Eins og í héraðsdómi greinir, starfaði ákærði í lögregluliði Reykjavíkur frá því á árinu 1948, unz honum var vikið úr stöðu sinni, eftir að mál þetta kom upp. Eigi verður séð, að fundið hafi verið að störfum ákærða fram-
an af starfsferli hans. En hinn 7. júlí 1958 veitti lögreglustjóri honum alvarlega áminningu fyrir brot í starfa. Þá sætti ákærði áminningum yfirlögregluþjónsins fyrir misferli í starfi hinn 4. febrúar 1960 og 15. marz 1960.

Eftir að lögreglustjóri veitti ákærða áminningu hinn 7.

júlí 1958, eins og áður greinir, fór að verða vart óánægju ákærða í garð yfirmanna sinna. Bæði hafa vitni um þetta borið og ákærði við það kannast. M. a. segir ákærði í yfirheyrslu hjá lögreglustjórafulltrúa og yfirlögregluþjóni hinn 14. marz 1959, „að hann hafi nokkuð óuppgert við yfirmenn sína, og telur, að þar sé um refsiverðan verknað gagnvart sér að ræða“. En ekki vildi ákærði greina, í hverju sá verknaður væri fólgin.

2. Eftir að lögreglustjóra höfðu borið hótunarbréfin, lét hann hefja eftirgrennsan á vegum embættis síns um sendingu þeirra. Kveðst Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hafa skýrt ýmsum lögreglumönnum frá hótunarbréfunum, m. a. Sigurjóni Ágúst Ingasyni, að því er hann minni. Hinn 27. febrúar 1960 tók yfirlögregluþjónninn skýrslu af Sigurjóni Ágúst. Skýrði hann þá svo frá, að um viku af febrúar hefði hann boðið ákærða heim og veitt honum vín. Kveður Sigurjón ákærða þá m. a. hafa sagt: „Ég sendi lögreglustjóranum nýlega sendingu til áréttingar og hressingar“. Því næst hafi ákærði tekið upp tvö vélrituð smáblöð og lesið upp það, sem á þeim stóð. Hafi á öðru blaðinu verið hótun um líflát lögreglustjóra, en á hinu, að hann yrði brátt liðið lík. Hinn 29. marz 1960 kom Sigurjón Ágúst aftur fyrir yfirlögregluþjónninn og gaf skýrslu, sem rækilega er rakin í héraðsdómi. Eru aðalatriði þeirrar skýrslu þau, að aðfaranótt 18. janúar 1960 hafi hann verið varðmaður í Stjórnarráðshúsinu. Kl. rúmlega 0230 um nóttina hafi ákærði komið til hans í lögreglumannsbúningi og dvalizt þar fram til um kl. 0345. Á þeim tíma hafi ákærði gengið inn í skrifstofu Bjarna Guðmundssonar deildarstjóra á efri hæð hússins, látið þar í ritvél pappírsblað, sem hann hafði áður tekið á neðri hæð hússins, og skrifað á það nokkrar línur. Kveðst Sigurjón Ágúst hafa litið á blaðið og séð, að á það hafði ákærði ritað hótun til lögreglustjóra um, að hann yrði bráðlega tekinn af lífi. Þá segir Sigurjón Ágúst, að ákærði hafi sett á sig svarta skinnhanzka, áður en hann handlék pappírsblað það, sem hann ritaði á. Sigurjóni Ágúst hefur fyrir dómi verið sýnt hótunarbréf það, sem lögreglustjóra barst

hinn 18. janúar 1960. Taldi Sigurjón Ágúst sig þekkja þar bréfið, sem hann sá ákærða rita í Stjórnarráðshúsinu. Skýrslur sínar hefur Sigurjón Ágúst staðfest með eiði.

Reynt hefur verið eftir föngum að afla vitneskju um feril ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960. Samkvæmt vottorði lögreglustjóraembættisins í Reykjavík 8. apríl 1960 og öðrum skýrslum átti ákærði að vera á verði í eftirlitsbifreið ásamt tveimur nafngreindum lögreglumönnum frá kl. 0100 til kl. 0300 og á lögregluvarðstofunni frá kl. 0300 til kl. 0400 umrædda nótt. Lögreglumenn, sem á verði voru þessa nótt, hafa komið fyrir dóm. Eigi mundu þeir atvik, er hér skipta máli. Þá virðast varðstjórar ekki hafa skráð neinar athugasemdir um störf ákærða né um fjarvistir hans af verðinum. Þó er þess að geta, að ákærði var eigi kvaddur til sérstaks starfs, sem líklegt er, að honum hefði verið falið, ef hann hefði verið viðlátinn.

Starfsmenn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík hafa framkvæmt athugun á því, hvort fyrri hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst, hafi verið skrifað á áðurgreinda ritvél í Stjórnarráðshúsinu. Hefur varðstjóri deildarinnar látið uppi það álit sitt, að hótunarbréf þetta „virðist vera“ skrifað á þá ritvél.

3. Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, fór fram rannsókn á vegum tæknideildar rannsóknarlögreglunnar á því, hvort síðara hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst, væri ritað á ritvél í skrifstofu fyrirtækisins Solído í Reykjavík og á pappír, er þar var fyrir hendi. Telur tæknideildin „óhætt að fullyrða, að hótunarbréfið . . . sé skrifað á þessa ritvél“. Þá lýsir tæknideildin því, að í skrifstofu Solído hafi verið ljósgrænn afritapappír, sem „virðist vera eins og sá, sem hótunarbréfið er skrifað á“. Fram er komið í málinu, eins og getið er í héraðsdómi, að ákærði var kunnugur eigendum greinds fyrirtækis og vandi nokkuð komur sínar þangað.

4. Ákærði skýrði í þinghaldi í sakadómi hinn 4. apríl 1960 frá því, að sjálfur hefði hann fengið vélritað bréf í pósti, þar sem honum var hótað lífláti, ef hann afturkall-

aði ekki kæru, og var bréf þetta póststimplað 1. apríl 1960. Engar skýrslur komu fram um höfund bréfs þessa, og engin vitneskja fékkst um ritvél, er notuð hefði verið. Hins vegar er bréfið talið ritað á sams konar pappír og fannst heima hjá ákærða.

5. Loks má geta blaðagreina þeirra, sem lýst er í héraðsdómi, einkum greinar dags. 14. september 1958. Þann dag, kl. 1800 til kl. 2400, var ákærði á verði í Stjórnarráðshúsinu. Er það álit tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, að grein þessi sé skrifuð á ritvél, sem þá var í því húsi, og á sams konar pappír og fannst heima hjá ákærða.

Um 1. Eins og að framan greinir, þykir í ljós leitt, að ákærði hafi borið þungan hug til yfirmanna sinna. Þetta gæti samrýmzt því, að ákærði hefði sent lögreglustjóra hótunarbréfin.

Um 2. Samkvæmt gögnum þeim, sem rakin voru, má telja líklegt, að fyrri hótunarbréfið sé skrifað á ritvél í Stjórnarráðshúsinu. En rannsókn um það atriði er þó eigi svo ýtarleg, að hún út af fyrir sig verði talin fullkomin sönnun þess.

Um komu ákærða í Stjórnarráðshúsið aðfaranótt 18. janúar 1960 er Sigurjón Ágúst Ingason einn til frásagnar. Þegar virt er vætti hans, verður það fyrst fyrir, að hann hefur lýst því í prófum málsins, að hann hafi í skýrslu sinni til yfirlögregluþjónsins 27. febrúar 1960 leynt höfuðatriðum varðandi málsefnið. Þá verður samkvæmt frásögn hans um atburðina í Stjórnarráðshúsinu umrædda nótt, sé hún lögð til grundvallar, að telja hann hafa sýnt stórfellda vanrækslu í starfi, þar sem hann leyfði óviðkomandi manni óhefta för um húsið og notkun ritfanga þar og ritvélar. Þá lét hann kyrrt liggja, þó að hann yrði að sjálfs sín sögn þess var, að rituð var þar líflátshótun til lögreglustjóra og hótunarbréfið síðan haft á brott úr húsinu. Á þriðja mánuð lét lögreglumaður þessi undir höfuð leggjast að gefa yfirmönnum sínum skýrslu um atferli þetta, sem hann telur sig hafa verið sjónarvott að, enda þótt hann fengi vitneskju

um, að hótunarbréf hafði verið sent lögreglustjóra og að eftirgrennslan fór fram af því efni. Þá kveðst hann og hafa veitt ákærða vín til að gera hann opinskárri. Telja verður háttsemi lögreglumannsins og aðstöðu, sem nú var lýst, veikja sönnunargildi vættis hans.

Um 3. Telja verður atvik þau, sem rakin eru í þessum tölulíð, fella nokkurn grun á ákærða um, að hann hafi, eins og aðstöðu hans til umrædds fyrirtækis var háttað, átt hlut að síðara hótunarbréfinu.

Um 4. Jafnvel þó að líklegt væri talið, að ákærði hefði á þeim tíma, sem hér er um að tefla, staðið að hótunarbréfi til sjálfs sín, þá væri óvarlegt að meta þá háttsemi líkur fyrir sekt hans.

Um 5. Það atriði, að blaðagrein, sem talin er skrifuð á ritvél í Stjórnarráðshúsinu, er dagsett sama dag og ákærði hafði þar varðstöðu, veitir líkur fyrir því, að ákærði hafi ritað grein þessa á verðinum. Það vekur aftur grun um, að ákærði hafi oftart neytt aðstöðu sinnar til vélritunar í Stjórnarráðshúsinu.

Eins og rakið hefur verið, veita atriði þau, sem getið er í 1.—3. tl. og 5. tl. hér að framan, hvert um sig líkur fyrir sekt ákærða. Þegar atriði þessi eru metin í heild, verður að telja mjög líklegt, að ákærði sé höfundur beggja þeirra hótunarbréfa, sem lögreglustjóranum í Reykjavík bárust. En varhugavert þykir þó í refsímáli að telja fullnægjandi sönnun fram komna um sekt ákærða, og verður honum því dæmd sýkna, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Um II. ákæruatriði.

Fallast má á forsendur héraðsdóms, að því er ákæruatriði þetta varðar, að öðru leyti en því, að um upptöku fellur niður tilvísun til 69. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. ákæruatriði.

Fyrir sakburð þann, er í ákærulið þessum greinir og ákærði hefur borið fram rakalaust, á hann að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 19/1940.

C.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Krafa ákærvalds um réttindasviptingu verður ekki tekinn til greina í máli þessu, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku staðfestist.

Eftir úrslitum málsins þykir samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 rétt, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 27.000.00, laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði fyrir málflutning þar og undirbúning áfrýjunar, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku á að vera óraskað.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 27.000.00, laun verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1961.

Ár 1961, laugardaginn 11. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 121/1961: Ákærvaldið gegn Magnúsi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 8. október 1960, gegn Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi lögreglumanni, Vesturgötu 27 hér í borg. Er hann ákærður fyrir eftirtalin brot.

I. Að hafa í janúarmánuði 1960 sent lögreglustjóranum í Reykjavík, Sigurjóni Sigurðssyni, í pósti tvö hétunarbréf, en hið fyrra barst lögreglustjóra 18. janúar og hið síðara 22. janúar. Fyrra bréfið er svohljóðandi.

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka yður Sigurjón af lífi einhvern næstu daga og hefur aftakan verið þaulhugsuð og er ógerningur fyrir yður að komast undan takmarki mínu.

Kveðja frá Germann.“

Síðara bréfið er svohljóðandi:

„Sigurjón Sigurðsson, Ægissíðu 58.

Stundin nálgast, bráðum verður þú liðið lík.

Kveðja frá Germann.“

Teljast framangreind brot varða við 233. gr. og 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Að eiga og hafa í fórum sínum skammybyssu og skot í hana, án þess að hafa fengið tilskilið leyfi til að eiga skotvopn þetta og skotfæri, en mánudaginn 4. apríl 1960 fannst skammybyssan á ákærða, er leit var gerð á honum í hegningarhúsinu hér í bæ, og í bíl hans fannst einn pakki 24 stykkja af skotum í byssu hans, nema hvað eitt skot vantaði í pakkann, þegar leit var gerð í bíl hans á Ægisgötu sama dag.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 69/1936 um sama efni.

III. 1. Að hafa í kæru sinni til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. marz 1960, og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur mánudaginn 4. apríl borið lögreglumenn röngum sakargiftum með því að segja þá hafa verið með áhrifum áfengis við skyldustörf, en ákærði bar, að eftirtaldir lögreglumenn hefðu verið ölvaðir við nefnd störf (á vakt): Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Þórir Sigurður Hersveinsson, Fjölnisvegi 4 (tvívegis), Sveinbjörn Bjarnason, Miklubraut 82, Hjörtur Elíasson, Goðheimum 2, og Sigurður Sigurðsson, Kirkjutorgi 6, allir hér í borg.

2. Að hafa á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 4. apríl 1960 borið Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóra, Eiríksgötu 2, röngum sakargiftum með því að segja hann hafa látið lögreglumanninn Finnboga Sigurðsson ölvaðan aka bifreið frá lögreglustöðinni svo og fyrir að bera þær rangar sakargiftir á Finnboga, að hann hefði í nefndu tilvikj komið ölvaður akandi bifreið að lögreglustöðinni og ekið henni þaðan í sama ástandi.

3. Að hafa í sama dómþingi mánudaginn 4. apríl 1960 borið Erling Pálsson yfirlögregluþjón, Bjargi við Sundlaugaveg, þeim röngu sakargiftum, að hann hefði með áhrifum áfengis ekið bifreið sinni sumarið 1957.

4. Að hafa í nefndu dómþingi 4. apríl borið lögreglustjórnann í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, Ægissíðu 58, röngum sakargiftum með því að segja hann iðulega aka bifreið með áhrifum áfengis, sérstaklega einu sinni, er hann hafi átt að vera vel drukkinn.

Hélt ákærði fast við þessar röngu sakargiftir í dómþingi sakadóms Reykjavíkur fimmtudaginn 28. apríl s.l.

5. a) Að hafa í dómþingi 4. apríl 1960 borið Sigurjón Ingason lögregluþjón, Hraunhólum 5 í Garðahreppi, þeim röngu sakargiftum, að hann mundi eiga eða hafa átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að hann fengi alltaf öðru hverju smyglað áfengi.

b) Að hafa í dómþingi sakadóms Reykjavíkur föstudaginn 8. apríl 1960 ranglega borið það, að Sigurjón Ingason hefði fyrir ekki alllöngu tjáð honum, að hann (Sigurjón Ingason) hefði skrifað lögreglustjóra hótunarbréf og í því hótað lögreglustjóra lífláti.

Framangreind brot, er getur undir III, 1—5, hér að framan, teljast varða við 1. mgr. 148. gr. og 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að framangreind skammbýssa og skotfæri verði gerð upp-tæk ríkissjóði til handa samkvæmt 2. og 3. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar 105/1936, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hinn 31. október 1947 sætt á greiðslu 70 króna sektar fyrir bifreiðalagabrot, en ekki sætt refsingu að öðru leyti. Hinn 21. júlí 1955 var hann kærður fyrir ótilhlýðilega framkomu við leigutaka sinn og van-skil á endurgreiðslu húsaleigu. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti sakadómara 15. nóvember sama ár, að ekki væru fyrirskipaðar frekari aðgerðir út af kæru þessari.

Verða nú raktir málavextir. Fyrst er yfirlit um aðdraganda máls þessa og rekstur þess (I.), síðan rakin ákæran um hótunarbréf (II.), þá ákæran um eign á skotvopni og skotum án leyfis (III.), þá ákærun um rangar sakargiftir (IV.) og loks niðurstöður (V.).

I.

Ákærði er fæddur 9. júní 1928 á Vatneyri við Patreksfjörð.

Hinn 15. nóvember 1948 réðst hann til starfa í lögregluliði Reykjavíkur og gegndi því starfi, unz honum var vikið úr því, eftir að mál þetta hófst.

Haustið 1958 tóku að birtast í dagblaðinu Þjóðviljanum greinar undir dulnefnum, og fólu greinar þessar í sér harðorða gagnrýni á stjórn lögreglunnar hér. Í mörgum þessara greina voru mjög meiðandi ummæli um Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og aðra fyrirmenn lögreglunnar. Skrif þessi leiddu til þess, að lögreglustjóri fól fulltrúa sínum, Ólafi Jónssyni, og Erlingi Pálsyni yfirlögregluþjóni að kanna, hvort lögreglumenn kynnu að standa að skrifum þessum. Athugun þessi, sem fram fór í febrúar —apríl 1959, leiddi í ljós sterkan grun um, að ákærði, Magnús Guðmundsson, hefði ritað umræddar greinar. Náði þetta svo ekki lengra að sinni.

Hinn 18. janúar 1960 barst Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra í pósti bréf, og var honum í bréfi þessu hótad lífláti næstu daga. Hinn 22. sama mánaðar barst honum annað bréf, og var líflátshótunin endurtekin í bréfi þessu. Bæði bréfin voru undirrituð nafninu „Germann“. Sbr. um þetta II. hér á eftir.

Lögreglustjóri kynnti Ólafi Jónssyni fulltrúa bréf þessi. Hann ráðgaðist og við Valdimar Setfánsson sakadómara um það, hvað gera skyldi út af þessu. Varð úr, að ekki var beðið um opinbera rannsókn að sinni, heldur ákvað lögreglustjóri að reyna að kanna það í kyrrþey, hver standa mundi að hótunarbréfum þessum.

Hinn 15. marz 1960 sendi ákærði, Magnús Guðmundsson, Dómsmálaráðuneytinu kæru á hendur Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra fyrir misnotkun á valdi sínu sem yfirmaður ákærða, fyrir að hafa ruðzt með ólögmætum hætti inn á heimili ákærða o. fl. Krafðist ákærði þess, að Magnúsi Sigurðssyni yrði vikið frá starfi. Í bréfi þessu drepur ákærði einnig á það, að ýmsir lögreglumenn hafi gerzt sekir um að vera undir áhrifum áfengis við skyldustörf sín, en enga nafngreindi ákærði þó í því sambandi.

Bréf ákærða var sent lögreglustjóranum til umsagnar, og svaraði hann ráðuneytinu með bréfi, dags. 30. marz. Telur lögreglustjórinn í bréfi þessu nauðsynlegt, að rannsókn verði látin fram fara út af kæru ákærða. Jafnframt greinir lögreglustjóri frá blaðagreinum þeim, er áður getur, og grun þeim, er fallið hafi á ákærða um að vera höfundur þeirra. Þá er og skýrt frá hótunarbréfunum tveimur og því með, að tekizt hafi að upplýsa, að annað þeirra sé skrifað á ritvél í Utanríkisráðuneytinu og einn lögregluþjónn, Sigurjón Ingason, hafi skýrt svo frá, að

hann hafi séð ákærða rita bréf þetta á umrædda ritvél. Fylgdi afrit af skýrslu, er Erlingur Pálsson yfirlögreglupjónn hafði tekið af Sigurjóni Ingasyni um þetta efni. Loks segir í bréfi lögreglustjóra, að ákærði hafi gerzt sekur um óreglusemi og hirðuleysi í starfi. Fylgdu útdrættir úr gerðabók lögreglustjóra og yfirlögreglupjóns, er sýndu, að ákærði hafði sætt áminningum.

Með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 31. marz 1960, var lagt fyrir sakadómarann í Reykjavík að hefja dómsrannsókn út af kæru ákærða og bréfi lögreglustjórans.

Dómari í rannsókn þessari var Guðmundur Ingvi Sigurðsson. Hóf hann rannsóknina 4. apríl og hélt henni síðan áfram jafnt og þétt til 29. apríl. Snerist rannsóknin bæði um hótunarbréfin, blaðaskrifin og ásakanir ákærða á hendur Magnúsi Sigurðssyni, en einnig um ný atriði, er drógust inn í rannsóknina, sbr. III. og IV. hér á eftir. Endurrit af rannsókninni var sent Dómsmálaráðuneytinu 21. maí. Hinn 1. júlí ákvað ráðuneytið, að frekari rannsókn skyldi fram fara út af sakargiftum ákærða á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum (IV. hér á eftir). Endir var bundinn á rannsóknina 31. ágúst og endurrit af rannsókninni á ný sent Dómsmálaráðuneyti. Höfðaði það síðan mál þetta hinn 8. október með ákæruskjali því, er að framan var rakið.

Málið var þingfest hinn 31. október, en sækjandi hafði þá verið skipaður Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður og verjandi samkvæmt ósk ákærða Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður. Ákærði hafði, meðan á rannsókn málsins stóð, sætt gæzlurvarðhaldi 4 daga (4.—8. apríl) og Guðlaugur verið skipaður réttargæzlumaður hans, meðan á því stóð.

Á dómþingi 10. nóvember s.l. lagði verjandinn fram beiðni í mörgum liðum um öflun frekari gagna í málinu. Af því tilefni fóru fram yfirheyrslur í málinu 10., 12., 14., 15. og 17. nóvember. Þá lagði verjandinn enn fram mjög langan lista yfir gögn, er hann taldi að afla þyrfti. Var ýmsum atriðum úr beiðni þessari sinnt í þinghaldi 19. nóvember, en með úrskurði 22. nóvember synjaði dómurinn um öll önnur atriði í beiðnum verjandans um gagnaöflun. Úrskurð þenna kærði verjandinn til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 23. f. m. er mælt fyrir um vitnayfirheyrslur um tiltekið atriði (feril ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960), en ákvæði úrskurðarins staðfest að öðru leyti. Í tilefni af dómi þessum voru vitnaleiðslur háðar hinn 24. og 25. janúar, og kom ákærði þá einnig fyrir dóm. Málið var síðan flutt munnlega 1. og 2. þ. m. og tekið til dóms.

Sama dag og dómsrannsókn hófst, 4. apríl, tilkynnti lögreglustjóri ákærða, að honum væri frá þeim degi að telja vikið frá starfi úr lögregluliði Reykjavíkur um stundarsakir. Með bréfi, dags. 13. október s.l., tilkynnti hann ákærða, að honum væri vikið frá störfum að fullu.

Í upphafi dómsrannsóknar fól rannsóknardómarinn Grími Magnússyni lækni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, að skoða ákærða með tilliti til þess, hvort hann gæti verið hættulegur umhverfi sínu eða sjálfum sér. Grímur skoðaði ákærða síðdegis 4. apríl. Þá um kvöldið var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald. Grímur átti næstu daga nokkur viðtöl við ákærða. Í vottorði, dags. 7. apríl, segir hann m. a.: „... hef eg ekki getað komið að neinni ákveðinni niðurstöðu um geðheilsu hans. Hann sýnir engin augljós geðveikiseinkenni, en það sannar þó engan veginn, að ekki gætu verið ranghugmyndir hjá honum, sem hann dyldi. Samkvæmt þessu er heldur ekki hægt að sjá neinn vott þess, að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum.“

Er Grímur kom fyrir dóm 8. apríl, staðfestir hann þetta vottorð. Hann segir, að sér finnist ýmislegt í fari ákærða annarlegt. Hann taldi ekki ástæðu til þess af öryggisástæðum að halda ákærða lengur í gæzlu. Var ákærði þá samdægurs leystur úr gæzluvarðhaldi. Ekki hefur farið fram nein frekari rannsókn á geðheilbrigði ákærða, enda þykir ekki nein ástæða til að draga sakhæfi hans í efa.

Áður en tekið verður að rekja gögn þau, er fram hafa komið um hvert ákæruatriði, þykir rétt að greina hér í stuttu máli frá blaðagreinum þeim, er rannsóknin snerist um að nokkru og áður var getið, og leitinni að höfundum þeirra. Er hugsanlegt, að það, sem fram hefur komið um þetta, geti skipt máli við úrlausn ákæruatriðanna sjálfra.

Í málinu hafa verið lagðar fram eftirtaldar greinar (úrklippur):

1. Bréf til Bæjarpóstsins, undirritað Borgari — Þjóðviljinn 4. september 1958.

2. Bréf til „Baðstofunnar“ (sama grein og 1.) — Tíminn 4. september 1958.

3. Bréf frá borgara um lögreglustöðina og fleira (undirritað Borgari) — Þjóðviljinn 16. september 1958.

4. Borgari skrifar: Burt með Sigurjón og óstjórna, — Þjóðviljinn 21. október 1958.

5. Lögreglustjóri gerist starfssamur (undirrituð Iðnaðarmaður). Þjóðviljinn 8. nóvember 1958.

6. Borgari skrifar: Sannleikurinn mun sigra óstjórnina. — Þjóðviljinn 7. janúar 1959.

7. Lögreglumaður skrifar: Lögregluþjónar samþykkir gagnrýninni á lögreglustjóra. — Þjóðviljinn 16. janúar 1959.

8. „Borgari“ skrifar: Lögreglustjóri neyðir menn til að gefa sér siðferðisvottorð. — Þjóðviljinn 20. janúar 1959.

(Úrklippu þessari fylgir einnig úrklippa af grein úr Morgunblaðinu 23. janúar: Lögreglumenn mótmæla rætnum árásum á lögreglustjóra. (Undirritaðri af stjórn lögreglufélagsins).

9. (Óundirrituð grein): Lögreglustjóri misbeitir valdi sínu á freklegasta hátt. — Þjóðviljinn 24. janúar 1959.

10. Lögreglustjóri sinnir engri gagnrýni starfsmanna sinna. (Undirrituð Borgari). — Þjóðviljinn 1. febrúar 1959.

11. Stjórn og starfsskilyrði lögreglunnar. (Undirrituð Soffía). — Þjóðviljinn 2. febrúar 1960.

12. Munaði tveim atkvæðum í Lögreglufélaginu. (Undirrituð Lögreglumaður). — Þjóðviljinn 24. febrúar 1960.

13. Borgari skrifar: Lögreglustjóri stendur fyrir yfirheyrslum. — Þjóðviljinn 13. marz 1959.

14. (Óundirrituð frétt): Stöðugar yfirheyrslur hjá lögreglunni út af grein „Borgara“. — Þjóðviljinn 19. apríl 1959.

Ákærði hefur jafnan neitað því, bæði er hann var yfirheyrður hjá lögreglunni og síðar fyrir dómi við rannsókn máls þessa, að hann væri eða vissi, hver væri höfundur þessara greina.

Ritstjórar Þjóðviljans og Tímans, þeir Magnús Kjartansson og Þórarinn Þórarinsson, hafa komið fyrir dóm, en ekki gefið neinar upplýsingar um höfund blaðagreinanna.

Við húsleit, sem gerð var í íbúð ákærða 4. apríl 1960, fannst umslag, er í var allmikið af blaðaúrklippum, þar á meðal voru greinarnar, sem merktar eru 1., 3.—7., 9. og 10. hér að ofan. (Þó ekki Morgunblaðsgreinin, sem fylgir nr. 8). Þar voru einnig 2 tölublöð af Alþýðublaðinu. Í öðru þeirra er pistill eftir ákærða undir nafni.

Eins og fyrr getur, komu fram sterkar líkur um að ákærði væri höfundur greinanna, er athugun fór fram á þessu hjá lögreglunni 1959. Verður nú rakið í stuttu máli það, sem fram kom um þetta atriði þá og svo við dómsrannsókn máls þessa.

Vitnið Óskar Friðbjörnsson lögregluþjónn, Akurgerði, Seltjarnarnesi, segir, að ákærði hafi einhvern tíma verið að vinna heima hjá honum. Hafi hann þá sagt, að hann væri höfundur greinanna, og bætt því við, að fleiri mundu birtast síðar, enda hafi

sú orðið raunin á. Óskar kveðst ekki hafa innt ákærða nánar eftir þessu og engin sönnunargögn séð hjá ákærða fyrir þessu.

Vitnið Indriði Aðalsteinn Jóhannsson lögregluþjónn, Álfheimum 18, ber það, að það hafi verið almenn skoðun á vakt hans, að ákærði væri höfundur greinanna. Ýmislegt í framkomu ákærða hafi og bent til þess, en hins vegar sé ákærði glensfullur og erfitt að átta sig á, hvort honum sé alvara eða ekki. Einhverju sinni kveðst Indriði hafa svarað í síma á lögreglustöðinni og hafi ákærði þá verið í símanum og spurt, hvort ekki væri mikið rætt um greinar „Borgara“ á lögreglustöðinni, og hvernig menn tækju þeim.

Vitnið Magnús Daníelsson fangavörður, Hlíðarvegi 20, Kópavogi, segir, að ákærði hafi einhvern tíma farið heim með honum og verið þá við skál. Hann hafi þá dregið upp handskrifað blað og sagt, að hann hefði fengið áminningu frá lögreglustjóra síðastliðið sumar og jafngott væri, að hann fengi sjálfur áminningu. Magnús kveðst hafa lesið það, sem stóð á blaðinu, og hafi það verið grein, handskrifuð með blýanti, undirrituð Jón Ólafsson eða Jón Jónsson frá Vík. Þetta hafi verið árásgrein á lögregluþjónn, og hafi hún síðar birzt í Þjóðviljanum og verið þá undirrituð „Iðnaðarmaður“. Magnúsi var sýnd greinin, er birtist í Þjóðviljanum 8. nóvember 1958 (5. hér að framan), og taldi hann það vera umrædda grein. Magnús kveðst ekki vera viss um, hvers rithönd hafi verið á blaðinu, en telja það hafa verið rithönd ákærða.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson lögregluþjónn, Þórgötu 1, kveðst telja, að ákærði sé höfundur blaðagreinanna, þótt hann geti ekki fullyrt það. Hilmar segir, að einhverju sinni, er hann og Magnús Daníelsson voru sér til gamans að tala inn á segulband, hafi ákærði lesið inn á bandið greinina, sem birzt hafði í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni: Burt með óstjórnina. Hilmar segist einhvern tíma hafa spurt ákærða, hvort hann væri ekki hræddur um, að hann yrði rekinn, er upp kæmist, að hann væri „Borgari“, og hafi ákærði svarað, að það gæti vel verið, en þó væru „þeir uppi“ hræddir við sig, því hann vissi ýmislegt um þá.

Vitnið Jóel Sigurðsson, lögregluþjónn, Dreka­vogi 23, segir, að hann hafi grunað ákærða um, að hann væri höfundur greinanna, en hann geti ekki rökstutt þessa skoðun sína með öðru en því, að þetta hafi verið almennt talið og ákærði hafi jafnvel látið það í ljós sjálfur, t. d. sagt einhvern tíma, er hann kom á vakt: „Ætlið þið ekki að heilsa borgara?“

Lögregluþjónarnir Sigurður Friðrik Jónsson, Kristinn Óskarsson, Páll Eiríksson og Baldur Kristjánsson hafa allir heyrt þann orðróm, að ákærði væri höfundur greinanna. Baldur segir, að þetta hafi verið almennt álit á vaktinni, enda hafi ákærði gert sitt til þess að láta menn halda það. Hins vegar hafi ákærði átt það til að villa á sér heimildir og verið erfitt að átta sig á honum. Kveðst Baldur hafa varlega lagt trúnað á, að ákærði væri höfundur.

Vitnið Björn Sigurðsson lögregluþjónn, Birkihvammi 15, Kópavogi, segir, að sig gruni ákærða um blaðaskrifin, en ekk hafi hann heyrt hann viðurkenna þau.

Vitnið Helgi Ágústsson, Skipasundi 78, kveðst þekkja ákærða, hafa kynnt honum í sambandi við starf sitt sem næturvörður hjá Essó á Reykjavíkurlugvelli. Hafi fallið vel á með þeim. Í september 1958 kveðst Helgi hafa hitt ákærða í flugvallarhliðinu og hafi ákærði þá dregið upp eintak af Þjóðviljanum og bent honum á grein eftir „borgara“, og mun þetta hafa verið fyrsta greinin, sem „borgari“ sendi frá sér. Hafi ákærði síðan lesið upp greinina og spurt, hvort Helga fyndist hún ekki góð, en Helgi kveðst hafa sagt, að hann teldi greinina illa skrifaða og rætna. Í febrúar 1959 hafi hann enn hitt ákærða. Ákærði hafi spurt hann, hvort hann hafi lesið greinar „borgara“, en Helgi kvaðst hafa svarað því neitandi. Ákærði hafi verið hinn hróðugasti yfir greinunum. Helgi kveðst hafa talið greinarnar ómerkilegar og að þær myndu skrifaðar af kommúnista. Ákærði hafi sagt, að það þyrfti ekki að vera, enda hefði „borgari“ ætlað að fá þær birtar í Tímanum, en þær ekki verið teknar. Þeir hafi talað nokkuð saman um greinarnar og hafi ákærði sagt, að ekki mundi komast upp, hver greinarnar hefði skrifað. Síðar þessa sömu nótt segir Helgi ákærða hafi hringt til sín og sagt, að svo mundi komið, að lögreglustjóri yrði að segja af sér. Helgi kveðst hafa vikizt fálega undir þetta og ekki orðið af frekari viðræðu. Kveðst Helgi hafa frá upphafi grunað ákærða um, að hann hefði skrifað greinarnar. Hegðun hans og tal hafi bent til þess. Hann hafi virzt vera mjög beiskur út í yfirmenn sína.

Sigurjón Ágúst Ingason lögregluþjónn ber það, að ákærði hafi sagt honum, að hann væri höfundur blaðagreinanna. Framburður Sigurjóns verður rakinn í heild undir II. hér á eftir.

Nú er frá því að segja, að meðan rannsókn málsins stóð yfir, barst dóminum í hendur handrit að blaðagrein, undirritað: Borgari. Jón Helgason Vík. Greinin er dagsett 14. september 1958.

Handrit þetta er vélritað samrit (kópía). Hafði það verið sent dagblaðinu Tímanum, en ekki verið birt. Grein þessi er hins vegar birt í Þjóðviljanum 16. september 1958 með undirskriftinni Borgari, merkt nr. 3 í upptalningunni hér að framan. Ekki fengust upplýsingar frá Tímanum um það, frá hverjum greinin væri runnin. Upp komst, að grein þessi er skrifuð á ritvél, eign Utanríkisráðuneytisins, og var ritvél þessi í skjalasafni ráðuneytisins í september 1958. Guðmundur Erlendsson lögreglumaður gerði athugun og samanburð á lettri vélarinnar og handritinu, er áður getur. Segir í skýrslu hans:

„Samanburðurinn leiðir í ljós, að í fyrsta lagi er leturformið hið sama á sýnishorninu og á handritinu. Í öðru lagi er h-ið gallað, þannig að toppband vantar alveg á staflegginn, gæti verið steypugalli eða áunninn við samslátt við annan staf. Kemur þetta í ljós ótvírætt í öll þau skipti, sem stafurinn kemur fyrir, bæði í sýnishorninu og handritinu. Í þriðja lagi, að a-ið er þannig gallað, að lokakrók þess vantar, lárétta beygjuna og síðasta drátt hans. Þetta gæti hafa tilkomnið við samslátt við annan staf. Í fjórða lagi, toppband vantar á fremsta legg m-sins. Þessi galli gæti einnig verið tilkominn við samslátt við annan staf.

Af framantöldu er það ótvírætt álit mitt, að handritið, sem fyrr getur, sé skrifað á fyrrgreinda ritvél.

Við athugun veitti ég því athygli, að komma er sett í greinina á um 50 stöðum, en orðabil ekki slegið næst á eftir henni í eitt einasta skipti.“

Samkvæmt framburði Kristjáns Þorsteinssonar, bílstjóra í Utanríkisráðuneytinu, sem fengið hafði umrædda ritvél í sínar vörzlur til láns í marz 1960, var vélin áður geymd í skjalasafni ráðuneytisins inn af almennu skrifstofunni, og var opið á milli. Lögreglumenn, sem héldu vörð í ráðuneytinu, héldu sig alltaf í almennu skrifstofunni.

Samkvæmt vottorði lögreglustjóra (vottað samkvæmt varðskrá) var ákærði á verði í Stjórnarráðshúsinu sunnudaginn 14. september 1958 kl. 18—24.

Þá er þess að geta, að pappírinn í áðurnefndu handriti er með vatnsmerkinu MANILA, en pappír af þeirri gerð fannst við hútleit á heimili ákærða við rannsókn máls þessa.

Eins og nánar er rakið undir II. hér á eftir, er það háttur ákærða, er hann vélritar, að slá ekki orðabil eftir kommu, og sama einkenni er á umræddu handriti, svo sem greint var frá.

Loks má geta þess, að í skýrslu, sem ákærði gerði um ævi-

atriði sín vegna væntanlegs lögreglumannntals, segir ákærði svo um ritstörf sín: „Hefur skrifað í íslenzkar þjóðsögur og blaðagreinar undir dulnefnum.“ Ekkj vildi ákærði tjá sig nánar um þessar blaðagreinar, hvorki hvert efni þeirra hefði verið, í hvaða blöð hann hefði skrifað, hvaða dulnefni hann hefði notað né hvenær hann hefði ritað greinarnar, nema hvað hann hefði fyrst ritað grein undir dulnefni fyrir 12—13 árum. Ákærði kveðst alltaf hafa látið rétt nafn sitt fylgja greinunum til blaðanna.

II.

Svo sem fyrr var frá greint, barst Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra bréf í pósti hinn 18. janúar 1960. Bréf þetta er vélritað á strikaða örk og er svohljóðandi:

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka yður Sigurjón af lífi einhvern næstu daga og hefur aftakan verið þaulhugsuð og er ógerningur fyrir yður að komast undan takmarki mínu.

Kveðja frá Germann.“

Bréfið var sent í litlu umslagi bláfóðruðu. Utanáskriftin er einnig vélrituð: Hr. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri Reykjavík. Póststimpill ber með sér, að bréfið er póstlagt 18. 1. 60.

Annað bréf barst lögreglustjóra 22. sama mánaðar. Það er vélritað á lítinn, grænan lappa, óreglulegan (útklipptan úr stærra blaði), og hljóðar svo:

„Sigurjón Sigurðsson Ægissíðu 58

Stundin nálgast, bráðum verður þú liðið lík.

Kveðja frá Germann.“

Bréf þetta er sent í aflöngu, hvítu umslagi. Vélrituð utanáskrift: Herra lögreglustjóri Sigurjón Sigurðsson Reykjavík. Póststimpill 22.1.60.

Eins og áður segir, hafði lögreglustjóri komizt að því, að bréf þetta væri vélritað á ritvél, sem var í skrifstofu Bjarna Guðmundssonar, blaðafulltrúa í Utanríkisráðuneytinu. Vél þessi og bréfið voru athuguð í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, og um niðurstöðu þeirrar athugunar segir svo í skýrslu Ragnars Vignis varðstjóra, er hann hefur staðfest fyrir dómi:

„Vélritaða skriftin á dómsskjali nr. 7 virðist vera skrifuð á ritvél Bjarna Guðmundssonar blaðafulltrúa Við samanburð á einstökum stöfum kom eftirfarandi í ljós:

Litla æ-ið er áberandi slitið í síðasta drætti eða enda stafsins.

Litla ð-ið er einnig slitið í neðsta hluta sporöskjunnar hægra megin.

Lítið n er með töluvert minni stall neðst vinstra megin, þar sem bogi stafsins byrjar, heldur en hægra megin, þar sem stafurinn endar.

Þá er það einkennandi fyrir ritvélina, að lyklarnir með K-inu og M-inu virðast hafa orðið fyrir hnjaski, þannig að k-in tengjast næsta staf á eftir, og kemur það t. d. fyrir í fjögur skipti af fimm á dómsskjal nr. 7, og litla m-ið kemur ekki lárétt á blaðið, heldur lyftist nokkuð upp vinstra megin og hallar til hægri.“

Samkvæmt vætti Bjarna Guðmundssonar blaðafulltrúa stóð ritvél þessi á umræddum tíma í skrifstofu hans í ráðuneytinu. Í skrifborðsskúffu Bjarna var pappír, sams konar og sá, sem bréfið er ritað á, og umslög eins og það, sem bréfið er sent í.

Áður en nánar verður vikið að síðara bréfinu, þykir rétt að rekja framburð vitnisins Sigurjóns Ágústs Ingasonar lögregluþjóns, Hraunhólum 5 í Garðahreppi, um fyrra bréfið og rannsókn þá, sem að öðru leyti hefur farið fram um það.

Hinn 27. febrúar 1960 mætti Sigurjón Ágúst Ingason hjá Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni og skýrði honum frá því, að honum væri kunnugt um það, að ákærði væri höfundur hótunarbréfanna. Sigurjón kvaðst hafa haft ákærða grunaðan um, að hann væri höfundur blaðgreina þeirra, er áður var um rætt. Sér hefði leikið hugur á að komast að því, hvort grunur þessi væri á rökum reistur, og hafði hann því lagt sig eftir því að ræða við ákærða um það mál. Ákærði hefði þá tjáð honum, að hann hefði ritað greinarnar. Sigurjón kveðst stundum hafa boðið ákærða heim til sín og hýrgað hann á víni, og hefði ákærða þá orðið léttara um mál. Í janúar hefði ákærði einhverju sinni, er þeir voru tveir saman staddir í vélritunarherbergi lögreglunnar, dregið upp umslag, er í hafi verið ýmiss konar plögg, þar á meðal úrklippur úr Þjóðviljanum. Nokkru eftir að þetta gerðist, hafi ákærði komið í heimsókn til hans. Þá hafi ákærði enn dregið upp greinarnar og enn fremur laus blöð skrifuð og sagt: „Ég sendi lögreglustjóranum nýlega sendingu til áréttingar og hressingar.“ Síðan hefði ákærði dregið upp tvö smáblöð og lesið upp það, sem á þeim stóð. Á öðru hefði verið hótun um, að lögreglustjóri yrði bráðlega tekinn af lífi, og á hinu, að nú nálgæðist óðum, að hann yrði liðið lík. Sigurjón segir, að þetta hafi gerzt um það bil viku af febrúar.

Frekari vitneskju um bréfin lét Sigurjón ekki upp að þessu sinni, en hinn 29. marz kom hann enn fyrir Erling Pálsson og

skýrði honum nú með nokkuð öðrum hætti frá því, sem hann vissi um sendanda bréfanna. Sagðist hann nú hafa séð ákærða rita annað bréfið. Svo hefðu atvik legið til þess, að aðfaranótt mánudagsins 18. janúar hefði hann (Sigurjón) verið varðmaður í Utanríkisráðuneytinu (Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg). Laust eftir kl. 0230 hefði verið knúið dyra og ákærði verið þar kominn. Kvaðst Sigurjón hafa boðið honum inn og gefið honum kaffi. Sigurjón sagði, að sér hafi virzt ákærða vera eitthvað óvenjulegt í skapi. Hann hefði gengið fram og aftur um stofuna og þaðan inn í stofu þar inn af. Þar hefði hann skimað í kring um sig og komið auga á ritvél, sem staðið hafi á skjalaskáp, og sagt, að hann kannaðist við þessa vél og hefði skrifað ýmislegt á hana. Þá hafi hann komið fram aftur og spurt Sigurjón, hvort hann ætti nokkur bréfsefni. Þar hefði legið á borði lítill blokk með strikuðum pappír, og kveðst Sigurjón hafa látið hann hafa eitt eða tvö blöð úr henni. Ákærði hefði nú haft á orði, hvort ekki mundu til aðrar ritvélar, og farið síðan upp á loft og inn í herbergi Bjarna blaðafulltrúa, kveikt þar ljós og sett við skrifborð, er á hefði staðið lítill ritvél. Ákærði hefði sagt: „Ætli það væri ekki rétt, að ég skrifaði hérna á lítið sendibréf,“ sett síðan blað í vélina og vélritað nokkrar línur. Síðan hefði hann tekið blaðið úr vélinni og litið yfir það og sagt: „Ætli þetta geti ekki orðið gott.“ Þá kvaðst Sigurjón hafa litið á blaðið og séð, að það var hótunarbréf til lögreglustjóra. Hann hefði þá sagt við ákærða: „Hvaða vitleysa er nú þetta hjá þér?“, en ákærði hefði stungið á sig blaðinu og sagt: „Það er engin vitleysa.“ Eftir þetta hefði hann hraðað sér á brott.

Sigurjón skýrði enn fremur svo frá, að er ákærði kom, hefði hann haft á orði, að hann ætti að vera í eftirliti. Einnig sagði Sigurjón, að ákærði hefði, áður en hann tók við blokkarblöðunum, sett upp dökka skinnhanzka og haft þá á höndunum, meðan hann vélritaði bréfið. Loks gat Sigurjón þess, að ákærði hefði haft á orði, að sig vantaði umslög. Umslög með bláu fóðri hefðu verið í skrifborðsskápnunum, en ekki kvaðst Sigurjón geta sagt um, hvort ákærði hefði tekið þar umslag, né heldur hvort ákærði skrifaði utan á umslag í vélinni.

Sigurjón skýrði að öðru leyti frá atvikum í samræmi við fyrri skýrslu, þ. e. að ákærði hefði heima hjá honum tekið fram blaðagreinarnar og enn fremur laus, skrifuð blöð, og sagzt hafa sent lögreglustjóranum hressingu.

Sigurjón kom fyrir dóm hinn 4. apríl og staðfesti þá skýrslu sína frá 29. marz. Hinn 8. apríl var hann yfirheyrður ræki-
legar um málsatvik. Hélt hann þá við fyrri framburð. Hann
kvaðst hafa sagt Erlingi Pálssyni frá því, að ákærði hefði sýnt
honum bréfin, en leynt því í fyrstu, að hann hefði séð ákærða
skrifa bréf. Ástæðan hefði verið sú, að hann hefði óttast, að
hann kynni að kalla yfir sig aðfinnslur yfirmanna sinna fyrir
það, að hann hefði hleypt ákærða inn í Stjórnarráðshúsið, enda
hafi hann haft fyrirmæli um að hleypa þar ekki inn óviðkom-
andi mönnum. Sigurjón sagði, að eftir að hann hefði hugleitt
málið nánar, hefði sér þótt rétt að segja allt af léttu. Hafi það
leitt til þess, að tekin var af honum skýrslan 29. marz.

Þá gat Sigurjón þess, að ákærði hefði einhverju sinni spurt
hann, hvort hann ætti ritvél. Hefði hann svarað því til, að svo
væri ekki, og spurt ákærða, hvort hann ætti ekki sjálfur ritvél.
Ákærði hefði jatað því, en sagt, að hann gæti ekki notað hana.

Loks bar Sigurjón enn vitni hinn 14. nóvember f. á., eftir
að mál þetta hafði verið höfðað. Var hann þá enn yfirheyrður
rækilega, einkum um heimsókn ákærða til hans ca viku af febrú-
ar 1960. Sigurjón segir, að ákærði hafi þá verið með tvö smá-
blöð og lesið upp af þeim hótunarbréf þau, er áður greinir. Ekki
kveðst hann hafa lesið blöðin, en séð þau í hendi ákærða. Hann
getur ekki lýst blöðum þessum nánar, lit þeirra né lögun. Sigur-
jón getur ekki sagt um það, hvort ákærði hafi skrifað bréfið í
ráðuneytinu í einu eintaki eða fleirum. Sigurjón segir, að er
ákærði heimsótti hann í þetta skipti, hafi þeir bragðað dálítið
áfengi, en þó ekki að ráði.

Samkvæmt varðskrá lögreglunnar var Sigurjón Ágúst Ingason
á verði í Utanríkisráðuneytinu aðfaranótt 18. janúar 1960 frá
miðnætti til kl. 7.

Vitnið Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, Bjargi við Sund-
laugaveg, segir, að eftir að lögreglustjóri hafði látið hann vita
um hótunarbréfin, hafi hann sagt ýmsum fleiri frá þeim, að hann
minni einnig Sigurjóni Ágúst Ingasyni. Sigurjón hafi nokkru
síðar komið að máli við hann og sagzt geta gefið upplýsingar um
bréfin. Erlingur kveðst hafa spurt hann fyrst, hvaða upplýsingar
það væru, sagt lögreglustjóra síðan frá þeim, og eftir hans fyrir-
mælum hafi hann tekið skýrsluna af Sigurjóni Ágúst 27. febrúar.
Síðari skýrslutökuna hafi borið að höndum með líkum hætti.
Sigurjón hafi að fyrra bragði komið til hans og talið sig hafa

frekari upplýsingar fram að færa, og kveðst Erlingur síðan hafa tekið af Sigurjóni skýrsluna 29. marz, eftir að hann hafði fyrst ráðgast við lögreglustjóra.

Erlingur kveðst hafa spurt Sigurjón, hvers vegna hann hefði ekki sagt allt af létta í fyrra skiptið. Sigurjón hefði svarað því til, að hann hefði óttast hefndir af hálfu ákærða, ef hann skýrði frá öllu því, sem hann vissi um bréfin. Hefði ráðið miklu tillitið til fjölskyldu hans (Sigurjóns), en hann búi á afskekktum stað í Garðahreppi. Við nánari yfirvegun hefði sér þó þótt réttast að leyndu engu af vitneskju sinni.

Erlingur kveðst ekki draga í efa, að Sigurjón skýri rétt frá. Hann hafi reynzt heiðarlegur í starfi.

Vitnið Jóel Sigurðsson lögregluþjónn ber það, að hinn 29. marz hafi Sigurjón Ágúst sagt honum, að hann hefði verið til yfirheyrslu hjá fulltrúa lögreglustjóra vegna einhverra hótunarbréfa, en ekki hafi Sigurjón minnst á það, að ákærði hefði skrifað bréfin. Hann hafi hins vegar talað um það, að ákærði hefði heimsótt hann í Utanríkisráðuneytið. Sama dag kveðst Jóel hafa komið að, þar sem þeir ræddust við ákærði og Sigurjón Ágúst. Kveðst Jóel hafa látið orð falla við ákærða í þá átt, að hann hefði komið í Utanríkisráðuneytið, en ákærði hafi ekki viljað kannast við það. Jóel kvaðst hafa heyrt ákærða segja við Sigurjón Ágúst: „Þú hefur getað alveg eins skrifað bréfin, eða hver sem er.“ Jóel kveðst hafa verið sannfærður um það eftir öllum sólarmerkjum að dæma, að ákærði hafi komið í ráðuneytið á fund Sigurjóns.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð máls þessa jafnan haldið fast við það, að hann hafi hvorugt hótunarbréfið skrifað, hann kveðst ekki minnst þess, að hann hafi nokkru sinni komið til Sigurjóns Ingasonar í Stjórnarráðshúsið. Hefur hann með öllu mótmælt því, sem Sigurjón segir um þetta.

Ákærði drap á það í fyrsta þinghaldi, að Stefán Jóhannsson varðstjóri, Skúlagötu 64, mundi vera eitthvað „viðriðinn mál þetta“. Bar hann Sigurjón Ágúst Ingason fyrir því. Hins vegar neitar bæði Stefán Jóhannsson, að nokkur hæfa sé í, að hann viti neitt um hótunarbréfin, og Sigurjón Ágúst kveðst aldrei hafa nefnt hann í sambandi við það. Komið hefur fram, að Stefán kom einu sinni til Sigurjóns, er hann var á verði í Stjórnarráðinu, og tveir aðrir lögreglumenn með honum. Mun þetta hafa verið 7. febrúar. Ekkert grunsamlegt virðist vera við þessa heimsókn.

Reynt hefur verið að grafast eftir ferli ákærða aðfaranótt 18.

janúar 1960 með upplýsingum frá lögreglunni og vitnaleiðslum, og verður nú greint frá þeirri rannsókn.

Samkvæmt lögregluvarðskrá fyrir umrædda nótt var ákærði milli kl. 1 og 3 í eftirlitsbifreið ásamt lögregluþjónum nr. 33 og 115, en milli kl. 3 og 4 á lögreglustöðinni til að sinna útköllum.

Ákærði segist ekkert muna sérstakt um þessa nótt, en hann gerir ráð fyrir, að hann hafi gegnt þeim störfum, er varðskrá segir.

Lögregluþjónn nr. 33, Kristinn Óskarsson, og nr. 115, Svavar Einarsson, hafa borið vitni. Hvorugur þeirra kveðst muna neitt eftir þessari nótt. Þeir geti því ekki sagt um, hvort þeir hafi þá milli kl. 1 og 3 verið í eftirlitsbifreið með ákærða.

Til að sinna útkvaðningum á lögreglustöðinni milli kl. 3 og 4 þessa nótt var auk ákærða lögregluþjónn nr. 116 (Hilmar Þorbjörnsson), en símagæzlu annaðist lögregluþjónn nr. 54 (Einar Halldórsson). Á þessu tímabili var samkvæmt dagbók aðeins um eitt útkall að ræða, að Hverfisgötu 49. Í það fóru lögregluþjónar nr. 116, 99 (Guðmundur Eggertsson) og 122 (Gylfi Jónsson). Samkvæmt varðskrá átti Guðmundur á þessum tíma að vera á varðgöngu á Laugavegi, en Gylfi í Austurstræti—Hafnarstræti.

Vitnið Einar Halldórsson, Kambsvegi 4, segist hafa rifjað upp, að útkall var að Hverfisgötu 49 einhverju sinni og að hann var þá við símann. Ekkert kveðst Einar muna eftir ákærða þessa nótt. Hann segist muna til þess, að einhverjir erfiðleikar voru á að fá menn til að fara í þessa útkvaðningu. Einar segir, að engan veginn sé útilokað, að lögregluþjónar, sem skráðir eru vera á varðgöngu, séu staddir á lögreglustöðinni, einkum er liðið er á nótt. Hann segir, að ekkert þurfi að vera óeðlilegt við það, að í kallið að Hverfisgötu 49 fóru tveir lögregluþjónar, sem samkvæmt skrá voru á varðgöngu, en hins vegar ekki annar þeirra, sem samkvæmt skrá var á lögreglustöðinni til að sinna útköllum (þ. e. ákærði). Það sanni ekki, að ákærði hafi verið fjarverandi af stöðinni.

Vitnið Hilmar Þorbjörnsson minnst þess, er hann var sendur að Hverfisgötu 49, og man, að Gylfi Jónsson fór með honum og annar lögregluþjónn til, er hann kveðst ekki hafa munað nafn á. Ekkert getur hann sagt um orsakir þess, að ákærði var ekki sendur. Hilmar man ekkert eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Gylfi Jónsson, Hverfisgötu 73, man einnig eftir um-

ræddri útkvaðningu og að Guðmundur og Hilmar fóru með honum. Ekki man hann, hvernig á því stóð, að hann var staddur á stöðinni, þótt varðskrá segi hann í Austurstræti—Hafnarstræti. Vera megi, að sá, sem átti að vera með honum á varðgöngunni, hafi haft öðrum störfum að gegna. Gylfi kvaðst ekkert muna eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Guðmundur Eggertsson, Bergstaðastræti 30, man eftir kallinu, og segir, að sig minni, að Þorkell Steinsson varðstjóri hafi skipað sér að fara í kallið. Hann man ekki, hvernig á því stóð, að hann var staddur á stöðinni, en var ekki á varðgöngu. Ekkert man hann eftir ákærða þessa nótt.

Vitnið Þorkell Steinsson, Holtsgötu 14, gegndi samkvæmt varðskrá varðstjórastörfum í lögreglustöðinni umrædda nótt eftir kl. 3. Hann kveðst ekkert muna sérstakt um þessa nótt. Hann segist muna til þess, að oftast en einu sinni í fyrravetur hafi verið beðið um lögregluaðstoð að Hverfisgötu 49, og muni hann ekkert, hvort slíkt kall hafi borizt aðfaranótt 18. janúar.

Þorkell segir, að ekki sé alveg hægt að treysta því, að lögreglumenn séu raunverulega, þar sem varðskrá mælir fyrir, enda er varðskrá samin fyrirfram fyrir hverja vakt. Getur þurft að bregða út af henni. Því sé ekki öruggt, að lögregluþjónn, sem samkvæmt skrá á að vera í eftirlitsbíl á tilteknum tíma, sé þar í raun og veru, og geti ýmislegt borið til. Sama á við um lögregluþjón, sem á að vera á lögreglustöðinni.

Nú vikur sögunni að hótunarbréfi því, er lögreglustjóri fékk 22. janúar, en gerð þess var áður lýst.

Meðan á rannsókn málsins stóð, skýrði Ólafur Jónsson lögreglustjórafulltrúi rannsóknardómaranum frá því, að ákærði mundi eitthvað hafa starfað fyrir heildsölufyrirtækið Solido, en fyrirtæki þetta hafði skrifstofur á Vesturgötu 25, þ. e. í næsta húsi við heimili ákærða. Þetta reyndist rétt. Ákærði er kunnugur eigendunum og leit oft inn til þeirra. Fyrir kom, að hann skaut með pakka fyrir þá, og einhverju sinni ók hann fyrir þá vörum.

Fengið var letursýnishorn af ritvél fyrirtækisins og sýnishorn af pappír frá því. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar (Guðmundur Erlendsson) rannsakaði letrið og pappírinn og bar saman við hótunarbréfið (síðara). Um þetta segir svo í skýrslu Guðmundar, er hann hefur staðfest fyrir dómi:

„.... Ritvél sú, er hér um ræðir, er af tegundinni Hermes 2000, nr. 414055.

.... Í utanáskriftinni og í bréftextanum kemur stafurinn g 8 sinnum fyrir. Athugun leiðir í ljós mjög augljósan galla á þessum staf, þannig að miðja botnbungu neðri sporöskju stafsins sveigist upp og inn í sporöskjuna. Líkur benda til, að hér sé um að ræða steypugalla í þessum staf.

Á skrifstofu Solido, Hverfisgötu 32, var tekið letursýnishorn af ritvél þeirri, sem fyrr getur í skýrslu þessari. Við samanburð á sýnishorninu og texta þeim, sem er á dskj. 8, kemur umræddur galli á stafnum g ótvírætt í ljós í þau skipti, er stafurinn kemur fyrir, og er því óhætt að fullyrða, að hótunarbréfið á dskj. nr. 8 sé skrifað á þessa ritvél.

.... Á skrifstofu Solido, Hverfisgötu 32, fannst einnig ljósgrænn afritapappír, sem mér virðist vera eins og sá, sem hótunarbréfið er skrifað á. Eru afrit þessi í blokkum, áprentuð með nafni og merki fyrirtækisins ásamt almennum upplýsingum, fyrirtækinu viðkomandi. Einnig er rammí prentaður um síðuna. Lögun og stærð miðans, sem hótunarbréfið á dskj. nr. 8 er skrifað á, gefur til kynna, að hann hafi verið skrifaður á svona afritaeyðublað og klipptur út úr því til að torvela eftirgrennslun.“

Í skrifstofu Solido voru enn fremur til umslög af sömu gerð og það, sem nefnt hótunarbréf var sent í.

Ákærði kveður það rétt, að hann þekki eigendur Solido, hann hafi stundum komið til þeirra og stundum gert viðvik fyrir þá. Hann kveðst hins vegar ekki minnst þess, að hann hafi nokkru sinni notað ritvél fyrirtækisins né að hann hafi verið staddur einn í skrifstofunni. Og algerlega neitar hann því, að hann hafi skrifað hótunarbréfið, sem lögreglustjóra barst 22. janúar, eða að hann viti neitt um það, hver það hafi gert.

Eigendur Solido hafa komið fyrir dóm og borið vitni. Annar þeirra, Þórhallur Arason, Klapparstíg 38, segir, að það sé hugsanlegt, að ákærði hafi verið staddur einn í skrifstofunni stund og stund. Hann minnst þess ekki, að ákærði hafi fengið léð pappírsgögn né ritvél fyrirtækisins. Og ekki hafi hann skrifað á ritvél þar í skrifstofunni, svo hann muni. Hinn eigandinn, Ásbjörn Björnsson, Grundargerði 20, segir, að ákærði hafi þó nokkrum sinnum litið þar inn. Mögulegt sé, að ákærði hafi einhvern tíma verið staddur einn í skrifstofunni, en það sé þó fremur ólíklegt. Ásbjörn minnst þess ekki, að ákærði hafi skrifað á ritvél þar í skrifstofunni né að hann hafi fengið léða ritvél fyrirtækisins.

Sendill fyrirtækisins, Guðmundur Þorlákur Bjarni Ólafsson,

12 ára að aldri, sem man til þess, að ákærði hafi stundum komið í skrifstofu Solido, minnst þess ekki, að hann hafi séð ákærða nota ritvél þar í skrifstofunni, né heldur veit hann til þess, að ákærði hafi verið skilinn þar einn eftir.

Í sambandi við það, sem nú hefur verið rakið um síðara hótunarbréfið til lögreglustjórans, skal þess loks getið, að samkvæmt lögregluvarðskrá næturvaktar 21. og 22. janúar 1960 var ákærði í fríi 21. janúar og veikur 22. janúar.

Nú er frá því að segja, að í fyrsta þinghaldi rannsóknar málsins 4. apríl, er ákærði var spurður um hótunarbréfin til lögreglustjóra, skýrði hann frá því, að sér hefði sjálfum borizt í pósti hótunarbréf, og hefði hann afhent réttargæzlumanni sínum, Guðlaugi Einarssyni, bréf þetta. Guðlaugur, sem mætti í dóminum með ákærða, afhenti dóminum síðan bréfið. Það er vélritað og hljóðar svo:

„Magnús afturkallaðu kæruna strax, ella mun ég sjá um að þú verðir myrtur.

L. Reykjavík.“

Utanáskriftin er einnig vélrituð: Hr. Magnús Guðmundsson Vesturgötu 27 Reykjavík. Bréfið er póststimplað 1.IV.60.

Rannsókn var beint að því að finna vél þá, sem þetta bréf hefði verið skrifað á. Athugaðar voru 8 vélar, sem notaðar eru á lögreglustöðinni, og reyndist bréfið ekki ritað á neina þeirra. Enn fremur var athuguð ritvél, sem er eign Baldurs Kristjánssonar lögregluþjóns, af gerðinni Groma Kolibri nr. 629941, og var ritvél þessi ný og óslitin. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar (Guðmundur Erlendsson) tók sýnishorn af ritvél þessari og bar saman við hótunarbréfið til ákærða. Reyndist það sameiginlegt sýnishorninu og bréfinu, að engin merki um galla eða slit fundust í stöfum eða skriftinni í heild, og er niðurstaðan sú, að ekki verði fullyrt, að bréfið sé skrifað á umrædda ritvél, né heldur verði það aftekið.

Baldur Kristjánsson ber það, að ákærði hafi aldrei komizt í ritvél þessa. Hann segir og, að enginn borði hafi verið í vélinni frá 17. eða 24. marz, þar sem hann hafi tekið borðann úr til þess að nota í samlagningarvél.

Hótunarbréfið til ákærða var ritað á hálfa örku af Manila-vélritunarpappír, þ. e. örkin hafði verið rifin sundur. Húsleit var gerð hjá ákærða til þess að vita, hvort þar fyndist sá arkarhellingur, sem rifinn hefði verið af örkinni, sem bréfið er skrif-

að á. Ekki varð sú raunin á, en hins vegar fannst talsvert af Manila-pappír.

Við athugun á hótunarbréfunum þremur (bréfunum tveimur til lögreglustjóra og bréfinu til ákærða) vakti það athygli tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, að í hverju bréfi er ein komma notuð, og er það sameiginlegt einkenni með bréfunum öllum, að orðabil er ekki slegið eftir kommunum:

Fyrri bréfið til lögreglustjóra:

„Ég hef ákveðið við sjálfan mig, að taka“

Síðara bréfið til lögreglustjóra:

„Stundin nálgast, bráðum verður“

Bréfið til ákærða:

„Magnús afturkallaðu kærana strax, ella mun“

Í skýrslu tæknideildar (Guðmundar Erlendssonar) um þetta segir svo enn fremur:

„Ég gerði lauslega athugun á skýrslum 17 lögregluþjóna, teknum af handahófi, og komst að þeirri niðurstöðu, að þar af voru 9, sem alltaf slógu orðabil á eftir kommu, 5 gerðu það ekki, en 3 létu það undir höfuð leggjast stundum, en í misjafnlega ríkum mæli. Það skal tekið fram, að við vélritunarkennslu, beina eða í bréfaskóla, er áherzla lögð á, að orðabil sé slegið næst á eftir kommu.“

Þá greinir Guðmundur frá því, að hann hafi fengið í hendur skýrslu, gerða af ákærða, og athugað hana. Um það segir svo:

„Við athugun á fyrstu síðu skýrslu þessarar kemur komma fyrir tuttugu og einu sinni, kommur í tölum eru hér ekki meðtaldar. Í þetta tuttugu og eitt skipti eru orðabil aldrei slegin næst á eftir kommunum, og benda þessar líkur til, að telja meg Magnús Guðmundsson lögregluþjón í þeim hópi manna, sem ekki slær orðabil næst á eftir kommu.“

Ákærði hefur frá upphafi haldið því eindregið fram, að hann hafi ekki sent hótunarbréfin til lögreglustjóra né átt nokkurn hlut að því, að þau voru rituð og send.

Í þinghaldi 8. apríl, er ákærði kom fyrir dóm, skýrði hann svo frá, að Sigurjón Ingason hefði þá ekki alls fyrir löngu sagt sér, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf og hótað honum lífláti. Ekki kveðst ákærði hafa lagt trúnað á þetta. Sigurjón mótmælir þessari staðhæfingu ákærða sem tilhæfulausri.

Ákærði segir, að sér sé ekki illa við yfirmenn sína í lögreglunni, hvorki lögreglustjóra né aðra. Og ekki hafi hann verið

óánægðari með aðbúnað allan á lögreglustöðinni en almennt gengur og gerist. Ákærði kannast við, að hann slái ekki orðabil á eftir kommu, er hann vélriti.

Hafa þá verið rakin þau gögn, er fram hafa komið í máli þessu og snúa að ákærunni um hótunarbréf. Áður en að því kemur að draga ályktanir af þeim, þykir rétt að greina hér frá einni varnarástæðu, sem verjandi ákærða hafði uppi í flutningi málsins, varðandi þenna ákærulið.

Í beiðni sinni um frekari gögn, dags. 16. nóvember, lætur verjandinn í það skína, að bréfin kunni að stafa frá Gunnari Sverrissyni, Ægissíðu 46 hér í borg. Kemur þetta þannig fram, að verjandinn sendi dóminum 13 bréf og eitt símskeyti, er talin voru frá Gunnari þessum, svo og eintak af Vikunni, þar sem birt var saga eftir Gunnar, og fór verjandinn fram á, að sérfræðileg rannsókn færi fram á því, hvort gögn þessi gæfu tilfni til að ætla, að Gunnar hefði ritað hótunarbréfin, og að tæknirannsókn yrði gerð á ritvél Gunnars og fleiri vélum, þar á meðal öllum ritvélum sakadómaraembættisins. Enn fremur yrði rannsóknarlögreglan og allt lögregluliðið yfirheyrt um afskipti af Gunnari Sverrissyni, og að upplýst yrði um heilsufar Gunnars Sverrissonar.

Upplýst hefur verið, að nefndur Gunnar Sverrisson er geðveill og hefur af þeim sökum dvalizt í Kleppsspítala síðan í júlí 1960. Áðurnefnd bréf og skeyti hefur hann sent Páli Pálsyni kennara, Kvisthaga 11, en þeir eru kunnugir. Tæknirannsókn leiddi í ljós, að af 12 vélrituðum bréfum Gunnars (eitt var handskrifað) voru 11 vélrituð á eina og sömu ritvél, sem er eign Gunnars. Um eitt bréfið upplýstist ekki, á hvaða ritvél það var skrifað, en ljóst var, að það var ekki ritað á sömu vél og neitt hótunarbréfanna. Að áliti dómsins var ekkert í skrifum Gunnars, er gaf tilefni til grunar um, að hann kynni að vera höfundur hótunarbréfanna. Ekkj voru heldur leiddar að því neinar líkur með öðrum hætti, svo sem gert líklegt, að Gunnar hefði átt aðgang að þeim stöðum, þar sem hótunarbréfin voru skrifuð. Var því, eftir að aflað hafði verið læknisvottorða um Gunnar, vélritunin á bréfum hans athuguð og Páll Pálsson kennari yfirheyrður, synjað um frekari rannsókn, varðandi þetta atriði, sbr. I. hér að framan.

Verða nú dregin saman og virt þau gögn, er fyrir liggja, varðandi ákæruna um hótunarbréfin.

(a) Fullsannað þykir, að fyrra hótunarbréfið til lögreglustjóra

sé skrifað á ritvél í Utanríkisráðuneytinu, en hið síðara á ritvél í heildverzluninni Solido. Telja verður víst, að sami maður standi að báðum bréfunum, enda er síðara bréfið að efni til framhald hins fyrra og sama nafn (Germann) undir báðum. Bréfitarinn hefur því orðið að hafa aðstöðu til að nota báðar nefndar ritvélar.

(b) Eitt vitni, Sigurjón Ágúst Ingason, ber það, að hann hafi séð ákærða skrifa hótunarbréf á ritvél í Stjórnarráðshúsinu aðfaranótt 18. janúar 1960. Einnig ber Sigurjón Ágúst, að ákærði hafi komið til hans um það bil viku af febrúar og þá lesið fyri honum tvö hótunarbréf, er hann kvaðst hafa sent lögreglustjóra.

(c) Ákærði er vel kunnugur eigendum Solido, leit oft inn til þeirra á skrifstofuna og hefur haft möguleika á því að skrifa þar á ritvél fyrirtækisins.

(d) Einkenni á kommuetningu í hótunarbréfunum báðum er það, að orðabil er ekki slegið á eftir kommu. Ákærði slær aldrei orðabil á eftir kommu, er hann vélritar. Þess ber að gæta, að allmargir hafa þenna hátt á.

(e) Rannsókn á ferli ákærða aðfaranótt 18. janúar 1960 hefur ekki leitt neitt ákveðið í ljós um það, hvar ákærði var á þeim tíma, er Sigurjón Ágúst telur hann hafa komið til sín í Stjórnarráðshúsið. Samkvæmt varðskrá átti hann að vera í eftirlitsbíl milli kl. 1 og 3. Upplýst er, að varðskráin er engan veginn sönnun þess, að ákærði hafi allan þenna tíma verið í eftirlitsbílunum. Ákærði átti milli 3 og 4 að vera í lögreglustöðinni til að sinna útkvaðningum. Hann var ekki sendur í það eina útkall, sem var á þessum tíma. Það er þó ekki hægt að meta sem sönnun þess, að ákærði hafi þá ekki verið í lögreglustöðinni, þótt það kynni að benda til þess.

(f) Ákærði kveðst hafa fengið hótunarbréf, þess efnis að hann yrði myrtur, ef hann tæki ekki aftur kæruna, en ákærði hafði þá nýskeð kært yfirmann sinn Magnús Sigurðsson varðstjóra. Ekki hefur upplýstst, á hvaða vél þetta bréf sé skrifað, og að öðru leyti eru heldur ekki fyrir hendi neinar upplýsingar um höfund þess. Alls ósennilegt er, að neinn þeirra, er kæra ákærða varðaði, hafi skrifað bréf þetta. Hlýtur að vakna sterkur grunur um, að ákærði sjálfur hafi sent sér þetta bréf. Þess má geta, að kommuetning í bréfi þessu er með sama hætti og ákærði tíðkar og pappírinn af sömu gerð og vélritunarpappír, sem fannst á heimili ákærða.

(g) Öll rök hníga að því, að ákærði hafi skrifað blaðagrein- ar þær, er frá var greint undir I. hér að framan, a.m.k. margar þeirra. Í greinum þessum kemur fram mjög þungur hugur í garð lögreglustjóra.

Á hinn bóginn er ekkert komið fram í málinu, er bendi sér- staklega gegn því, að ákærði hafi staðið að bréfunum, eða beini grun að neinum öðrum. Sérstaklega skal þess getið, að það, sem borið hefur verið fram af hálfu ákærða að þessu leyti, svo sem að Sigurjón Ágúst hafi sagzt hafa skrifað hótunarbréf eða að nafngreindur, geðbilaður maður hafi ritað bréfin, er fyrirslátt- ur, sem er engum rökum studdur.

Ákærði hefur frá upphafi neitað því staðfastlega, að hann hafi sent bréfin eða eigi nokkurn þátt í þeim. Gegn framburði ákærða stendur í fyrsta lagi vætti Sigurjóns Ágústs Ingasonar, sem kveðst hafa horft á ákærða skrifa fyrra bréfið og heyrt hann síðan lesa bæði bréfin upp. Hann er að vísu ekki með öllu óaðfinnanlegt vitni í þessu máli samkvæmt því, er áður var rakið. En þegar þess er gætt, hve mörg og mikilvæg gögn önnur styðja framburð hans, þykir mega telja, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi sent hótunarbréfin tvö til lögreglustjórans.

Efni bréfa þessara var ótvírætt til þess fallið að vekja við- takanda ótta um líf eða heilbrigði. Ákærði hefur því með send- ingu bréfanna gerzt brotlegur við 233. gr. almennra hegningar- laga nr. 19/1940.

Ákærði var opinber starfsmaður, er hann sendi bréfin, en ekki verður talið, að hann hafi sett hótanir sínar fram sem slíkur, þannig að hann hafi með því misnotað stöðu sína. Ber því að sýkna hann af ákærunni um brot gegn 138. og 139. gr. almennra hegningarlaga að þessu leyti.

III.

Eftir yfirheyrslu í sakadómi Reykjavíkur hinn 4. maí 1960 var ákærði færður til geymslu í hegningarhúsið við Skólavörðu- stíg. Var leitað á honum, svo sem venja er til, og gerði yfirfanga- vörðurinn, Valdimar Guðmundsson, leitina. Fann hann þá skamm- byssu í buxnavasa (hliðarvasa) ákærða hægra megin. Síðar sama dag var í dómi skorað á ákærða að gera grein fyrir byssu þessari. Hann neitaði að skýra frá því, hve lengi hann hefði átt byssuna og hvaðan hann hefði fengið hana, og gat þess eins, að byssan væri ekki stolin. Hann sagðist hafa stungið á sig byss-

unni vegna hótunarbréfsins, sem hann hefði fengið. Hann kann-aðist við, að hann hefði ekki fengið leyfi lögreglustjóra til að eiga byssu, enda hefði hann stöðu sinnar vegna ekki talið sig þurfa slíkt leyfi.

Með samþykki ákærða var sama dag gerð leit í bifreið hans, R 22. Í geymsluhólfi í mælaborði bifreiðarinnar fannst einn 25 skota pakki með skotum, sem hæfðu í áðurnefnda skammbyssu. Eitt skot vantaði í pakkann. Byssuhreinsari var einnig í hólfinu.

Njörður Snæhólm rannsóknarlögregluþjónn athugaði byssuna og prófaði skothæfni hennar. Byssan er af gerðinni Walther, hlaupvídd 25, þ. e. 6.35 mm. Á henni er númerið 433781. Hún er 10 sm löng og 7 sm há, hlauplengd 5 sm. Skotin eru tékknesk, Spb 6.35 frá Sellier & Bellot. Njörður reyndi byssuna með fjórum af skotunum, en ekki sprakk neitt þeirra. Þá reyndi hann skot af annarri gerð, og fór á sömu leið. Þá voru skot úr pakka ákærða reynd í annari byssu og reyndust í lagi. Við athugun á byssunni reyndist sprengipinnagormur ónýtur (of slappur). Öryggi á byssunni var ónýtt. Hlaupið er ryðgað og pollótt. Njörður segir, að hægt sé að gera byssuna nothæfa með því að skipta um gorm í henni. Þá segir hann, að ekki sé hægt að fullyrða, að byssan sé hættulaus, eins og hún er. Kunni að vera hægt að hleypa af henni skoti með því að marg,,klikka“ henni.

Ákærði segist hafa talið byssuna óvirka eða illa virka og ekki hafa þorað að prófa hana. Skotin kveðst hann hafa keypt í verzluninni Goðaborg. Hann hafi haft skammbyssu annars lögregluþjóns að láni og skotið talsvert úr henni. Ákærði hefur haldið fast við neitun sína á að skýra frá, hvaðan byssan hafi komið honum í hendur.

Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík hefur ákærði ekki leyfi til að bera skotvopn.

Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri hefur verið spurður um það, eftir hvaða reglum fari um vopnaburð lögregluþjóna. Hann segir, að engin sérstök leyfi séu gefin út til lögregluþjóna til notkunar á skotvopnum þeim, sem þeim séu fengin í hendur til æfinga eða til notkunar í starfi. Hins vegar sé lögreglumönnum sem öðrum skylt að fá venjuleg leyfi, ef þeir vilja hafa skotvopn í einkaeign, og hafi þó nokkrir þeirra fengið slíkt leyfi.

Samkvæmt því, er nú var rakið, er sannað, að ákærði hafði undir höndum skotvopn og pakka af skotum, án þess að hann hefði fengið leyfi til þess frá lögreglustjóra. Verður þó að telja, að hann hafi þrátt fyrir stöðu sína ekki verið undanþeginn leyfi

til þess að hafa skotvopn og skotfæri í einkaeign. Enda þótt byssan væri gölluð og ónothæf eða lítt nothæf, eins og á stóð, var auðvelt að gera hana nothæfa. Hún er því ótvírætt skotvopn í skilningi laga. Samkvæmt þessu þykir ákærði hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 3. gr. sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1938 sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 69/1936. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936 og 2. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940 ber að ákveða, að byssan og skotfærin skuli vera upptæk og eign ríkissjóðs. Upptöku-ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 á hér hins vegar ekki við.

IV.

Laugardaginn 21. marz 1959 tók Ólafur Jónsson fulltrúi skýrslu af ákærða vegna blaðaskrifa þeirra, sem áður getur. Viðstaddur var Erlingur Pálsson. Ákærði gat þess þá, að hann hefði frétt, að lögreglustjóri hefði ekið undir áhrifum áfengis. Lögregluþjónn hefði sagt sér þetta. Ákærði kvaðst ekki geta um það sagt, hvort þessi ásökun væri rétt eða röng. Þetta hefði átt að gerast í sambandi við afmæli. Frekari upplýsingar, svo sem um nafn heimildarmannsins, fékkst ákærði ekki til að gefa.

Í kæru sinni á hendur Magnúsi Sigurðssyni varðstjóra viku ákærði að því, að hann hafi oft og mörgum sinnum séð féлага sína á vakt undir áhrifum áfengis, en tilgreinir enga ákveðna.

Þegar ákærði kom fyrst fyrir dóm við rannsókn máls þessa 4. apríl, endurtók hann þessa staðhæfingu sína og nefndi nú nöfn þeirra, er gerzt hefðu sekir um ölvun við störf, og væru það þessir: Þorsteinn J. Jónsson, Þórir Hersveinsson (tvívegis), Sveinbjörn Bjarnason, Hjörtur Elíasson og Sigurður Sigurðsson.

Enn fremur skýrði hann svo frá, að Finnboði Sigurðsson lögregluþjónn hefði komið ölvaður á vakt akandi og farið heim af vaktinni akandi að fyrirlagi Magnúsar Sigurðssonar varðstjóra.

Ákærði kvaðst geta nefnt miklu fleiri, svo sem Erling Pálsson, sem ekið hefði bíl sínum undir áfengisáhrifum, þegar Kekkoni Finnlandsforseti var hér í heimsókn. Þá kveður ákærði Sigurjón lögreglustjóra iðulega aka bíl með áfengisáhrifum, og sérstaklega einu sinni, er hann hafi verið vel drukkinn.

Í sama þinghaldi hélt ákærði því fram, að Sigurjón Ingason mundi eiga eða hefði átt til skamms tíma talsverðar birgðir af smygluðu áfengi.

Áður hefur þess verið getið, að í þinghaldi 8. apríl hélt ákærði því fram, að Sigurjón Ingason hefði sagt sér, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf.

Samkvæmt þessu hefur ákærði haft uppi allar þær sakargiftir á hendur lögreglustjóra og lögreglumönnum, sem III. kafli ákæru (1—5) fjallar um.

Ákærði fékkst ekki til að gera grein fyrir sakargiftum þessum í einstökum atriðum né því, á hverju hann byggði þær.

Allir þeir, sem ákærði hefur borið sökum, lögregluþjónarnir Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Þórir Sigurður Hersveinsson, Fjölnisvegi 4, Sveinbjörn Bjarnason, Miklubraut 82, Hjörtur Elíasson, Goðheimum 2, Sigurður Sigurðsson, Kirkjutorgi 6, Finnbogi Sigurðsson, Skaptahlíð 33, og Sigurjón Ágúst Ingason, Magnús Sigurðsson varðstjóri, Eiríksgötu 2, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, hafa verið kallaðir fyrir dóm. Hafa þeir allir neitað eindregið, að sakargiftir ákærða á hendur þeim hefðu við neitt að styðjast.

Í þinghaldi 20. apríl var skorað á ákærða að tjá sig nánar um kærur sínar á hendur ofangreindum mönnum. Ákærði hélt fast við kærurnar, en kvaðst ekki vilja blanda þeim í þetta mál. Hann neitaði því að renna stoðum undir kærurnar á þessu stigi, en kvaðst vera reiðubúinn að gera það síðar, ef ákæruvaldið óskaði þess.

Eftir að endurrit af rannsókninni hafði verið sent Dómsmálaráðuneytinu, fyrirskipaði það hinn 1. júlí frekari rannsókn, „að því er varðar þessar sakargiftir Magnúsar Guðmundssonar á hendur aðiljum þessum.“

Hinn 31. ágúst var ákærði kallaður fyrir dóm, og er í því þinghaldi bókað eftir honum á þessa leið:

„Mættur neitar að tjá sig frekar um þessar sakargiftir, nema ef til vill ef svo skyldi fara, að hann yrði ákærður vegna þessa þáttar málsins, eða ef einhver þeirra lögreglumanna eða yfirmanna lögreglunnar, sem mættur nafngreindi í þinghaldinu 4. apríl s.l. í sambandi við þenna þátt málsins, verði ákærðir vegna þessara ábendinga mættis um ávirðingar þessara manna. Mættur er spurður, hvað honum hafi gengið til með því að vekja athygli á þessum ávirðingum löggæzlumannanna. Mættur getur þess, að hann muni ekki tjá sig frekar en orðið er um þenna þátt málsins.

Mættur óskar fært til bókar, að með tilliti til stéttarbræðra sinna, löggæzlumannanna, vill hann ekki tjá sig frekar um þenna þátt málsins á þessu stigi, sbr. það, sem að ofan greinir.“

Þar sem ákærði vildi þannig ekki tilgreina nein sérstök atriði, er hann styddi kærur sínar við, var ekki hægt að halda neina frekari rannsókn um þetta efni. En áður hafði þó verið hægt

að afla upplýsinga um tvö atriði sakargiftanna, og skulu þær nú raktar.

Eftir að ákærði hafði greint frá smygluðum áfengisbirgðum Sigurjóns Ágústs Ingasonar, var samdægurs með samþykki Sigurjóns gerð leit á heimili hans, Hraunhólum 5 í Garðahreppi. Þar fundust allmargar flöskur með áfengi á, en allar merktar með einkenni Áfengisverzlunar ríkisins, nema 3 litlar sýnishornaflöskur (4 sentilítra) og hálfflaska undan viskíi, er Sigurjón kvaðst hafa fengið að gjöf frá systur sinni, er hún kom úr utanför. Á hálfflösku þessari var vermóðsblanda.

Út af sakargiftunum um ölvunarakstur Finnboga Sigurðssonar hefur Magnús Sigurðsson varðstjóri skýrt svo frá, að hann minnst atviks, er gerzt hafi einhvern tíma á árunum 1952 eða 1953. Hann hafi þá að beiðni Finnboga sent Óskar Friðbjörnsson lögregluþjón til að sækja hann á vakt. Er þeir komu aftur, hafi Óskar vakið athygli hans á því, að Finnbogi mundi vera hreyfur af víni. Kveðst Magnús hafa séð, að þetta var rétt, og því hafa ekið Finnboga heim sjálfur. Finnbogi hafi hvorki komið akandi sjálfur á vaktina né ekið sjálfur þaðan. Óskar Friðbjörnsson skýrði rannsóknardómaranum frá þessu á sama hátt.

Eftir að mál þetta var höfðað, óskaði verjandi ákærða frekari gagnaöflunar um þenna ákærulið. Óskaði hann þess, að allt lögregluliðið yrði kvatt fyrir dóm svo og fleiri menn, en tilgreindi ekki, um hvað spurt skyldi né neitt atriði til stuðnings sakargiftum ákærða. Í síðari beiðni sinni um gagnaöflun krafðist verjandi þess, að m. a. allir gestir í fimmtugsafmæli Pálma Jónssonar, fyrrverandi varðstjóra, (en það var 3. desember 1950), svo og fleiri menn yrðu yfirheyrðir „um vitneskju þeirra, varðandi áfengisneyzlu lögreglumanna“, og er helzt svo að skilja, að þessi rannsókn hafi átt að beinast að ákærinni um rangar sakargiftir. En enga nánari grein gerði verjandinn fyrir því, hvað spurt skyldi um né hvað leiða ætti í ljós með yfirheyrslum þessum. Þar sem kröfur þessar þóttu með öllu fráleitar, var ekki orðið við þeim, sbr. úrskurðinn, er áður var um rætt (I hér að framan).

Ákærði hefur ekki leitt neinar minnstu líkur að því, að neinar af kærum hans á margnefnda menn séu á rökum reistar. Að svo miklu leyti sem mögulegt var að kanna sakargiftirnar, hefur sú rannsókn orðið til að hnekkja ásökunum ákærða. Þykir því ekki efamál, að telja verði allar sakargiftir ákærða, er tilgreindar eru í III. kafla ákæruskjals, tilhæfulausar með öllu. Ákærði setti

þessar röngu kærur fram á dómþingi og hlaut því að ætlast til þess, að hinir kærðu yrðu sakaðir um afbrot þau, er hann bar á þá, enda varð sú raunin á, að dómsrannsókninni var beint að kærum þessum, bæði þegar í frumrannsókn og síðar, sbr. bréf Dómsmálaráðuneytisins 1. júlí. Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt sekur um brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekkj verður talið, að hann hafi sett kærur sínar fram með þeim hætti, að hann hafi með því misnotað stöðu sína sem opinber starfsmaður. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 138. eða 139. gr. hegningarlaga.

Ákærði bar sakargiftir sínar fram í dómi, og kemur því til álita, hvort hann hafi framið verknað slíkan sem í 142. gr. segir, þannig að honum verði eigi ákveðin lægri refsing en þar getur. En þar sem ákærði mætti fyrir dóminum sem kærður, en eigi sem vitni, þannig að hann væri brýndur á sannsöglisskyldu, verður eigi talið, að hann hafi framið verknað þann, er greinir í 142. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar samkvæmt 148. gr. hegningarlaga skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er, að viðkomandi hafi drýgt. Verður að víkja nokkuð að þessu.

Ákærði bar það á 5 lögreglumenn, að þeir hefðu verið ölvaðir við skyldustörf. Slík brot myndu varða við 22. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og við þeim lögð sekt, 400—2000 kr. (800—8000 kr. við ítrekað brot), og auk þess missir stöðu um stundarsakir eða að fullu og öllu. Einnig kynni slík háttsemi að teljast brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga og varða sektum eða varðhaldi.

Ákærði sakaði Magnús Sigurðsson um að hafa látið viðgangast, að Finnbogi Sigurðsson æki ölvaður heim af vakt. Slíkt atferli kynni að hafa varðað refsingu samkvæmt 141. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði bar það á Finnboga Sigurðsson, Erling Pálsson og Sigjón Sigurðsson, að þeir hefðu ekið bifreið undir áhrifum áfengis og að hinn síðastnefndi gerði það iðulega. Slík brot mundu hafa varðað við 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum auk réttindamissis. Það mundi og sjálfsagt varða lögreglustjóra stöðumissi að aka bifreið „iðulega“ undir áhrifum áfengis.

Ákærði kærði Sigurjón Ágúst Ingason fyrir að hann hefði átt eða ætti birgðir af smygluðu áfengi, þ. e. fyrir brot gegn 6. eða 17. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga, en slík brot varða sektum.

Ákærði bar það á Sigurjón Ágúst, að hann hefði sagt, að hann hefði sent lögreglustjóra hótunarbréf, þ. e. játað á sig brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga, er varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi í allt að 2 ár.

V.

Niðurstöður.

Refsing ákærða þykir samkvæmt ákvæðum þeim, er að framman greinir, og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Haft er í huga, að ákærði hefur misst stöðu sína í tilefni af málssókn þessari.

Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sætti gæzluvarðhaldi sem fyrr getur, en ekki eru skilyrði til þess að láta þá vist koma til frádráttar refsingu ákærða, þótt hún kæmi til framkvæmda.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 8. gr. laga nr. 22/1955 verður ákærði ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, þar sem refsing hans er skilorðsbundin.

Dæma ber upptöku skotvopns og skotfæra, sbr. niðurlag III. kafla þessa dóms.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, og skipaðs verjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns. Þykja málssóknarlaun hæfilega ákveðin kr. 11.000.00.

Verjandi ákærða, sem einnig var réttargæzlumaður hans, meðan hann sætti gæzluvarðhaldi, hefur gert meðferð máls þessa miklu flóknari og tafsamari en efni stóðu til, svo sem með framlagningu þýðingarlausra skjala og margvíslegum kröfum um öflun gagna, málinu með öllu óviðkomandi. Með tilliti til þessa og framkomu verjandans í heild við meðferð málsins þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðmundsson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skammbýssa og skotfæri, er tilgreind eru í forsendum dómsins, eru gerð upptæk ríkissjóði til handa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 11.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1961.

Nr. 76/1961. Snæbjörn Sigurðsson

gegn

Margréti Sigurðardóttur,

Ragnari Davíðssyni,

Aðalsteinu Magnúsdóttur og

Gísla Björnssyni

og

Agli Halldórssyni og

Ingólfi Gunnarssyni

og

Sigurði M. Helgasyni, settum bæjarfógeta og sýslumanni, og samdómendunum Guðmundi Blöndal og Elíasi Tómassyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 27. júní 1960 var í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu kveðinn upp dómur í landamerkjamáli milli aðilja þeirra, sem taldir eru upp í heiti máls þessa, annarra en dómenda. Hefur landamerkjamálinu verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1960 og gagnáfrýjað með stefnu